



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Kópavogi (að afloknum 84. Aðalfundi SÍ), sunnudaginn 1. sept. 2019 kl. 12-13:30.

(Fundur nr. 1. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Björn Traustason, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar

1. *Stjórnin skiptir með sér verkum.*

Jónatan Garðarsson formaður, Þuríður Yngvadóttir varaformaður, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari. Þuríður Yngvadóttir og Jónatan Garðarsson áfram í stjórn Landgræðsluskóga. Lydia Rafnsdóttir og Jens B. Baldursson kjörin í stjórnina á aðalfundi.

Annar mánudagur í hverjum mánuði verður fastur tími fyrir stjórnarfundum.

2. *Starfið fram undan.*

Heimsóknir til félaga. Rætt var um heimsókn í Mosfellsbæ og nágrenni í októbermánuði, m.a. vegna komandi aðalfundar 2020. Einnig var rætt um að stjórnin skoði Úlfjótssvatn. Eitthvað var einnig minnst á heimsókn til landareignar félagsins í Jökulsfjörðum og Geirþjófsfirði – en ekkert ákveðið með það.

Lauslega var rætt um heimsóknir til minni félaga úti á landsbyggðinni, en ekkert ákveðið.

3. *Ávöxtun sjóða.*

Laufey Hannesdóttir spurði hvort ekki beri nauðsyn til að SÍ leiti til fleiri fjármálafyrirtækja en Arion um betri ávöxtun á sjóðum í eigu félagsins. Markmiðið yrði að vera föst, jöfn og góð ávöxtun. Páll Ingbór Kristinsson spurði um ávöxtun ýmissa annarra sjóða, svo sem fræðslusjóðs. Brynjólfur kvað þessa sjóði vera mjög litla og að þá megi sameina. Sumir sjóðir séu dánargjafir og að þeim verði að halda aðskildum í bókhaldi.

Húnavatnssjóðurinn er að hálfu leyti á bankareikningum og að hálfu í stýringu. Íbúðarhúsið að Saurum í Miðfirði er leigt út til fjölskyldu í vetur og af þeirri leigu auk veiðiréttinda í Miðfjarðará fær Sk. V- hún tekjur.

4. Aðalfundurinn 2021.

Else Möller á Vopnafirði bar upp þá ósk nú á aðalfundinum 2019 að Skógræktarfélagið Landbót á Vopnafirði fengi að halda aðalfundinn 2021. Öfundarfjörður kemur líka til greina.

5. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar / Aðalfundurinn 2020

Skógræktarfélag Mosf. er að fara í miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir á komandi ári sem nú eru í deiliskipulagi. Til stendur að reisa hús í norðanverðu svæðinu í hlíðum Úlfarsfells, inni í landnemareit sem er á lausu. Sakir þess verða miklar annir hjá forvígismönnum félagsins á komandi ári, en skv. lýsingu Björns Traustasonar virðist stjórn félagsins vel mannað af athafnaskáldum, svo allt ætti að komast í heila höfn.

Aðalfundurinn í Mosfellsbæ verður haldinn dagana 4.-6. sept. 2020. Á aðalfundinum verður jafnframt haldið upp á 90 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands.

6. Mæting fulltrúa á aðalfundinum 2019

Áberandi slök mæting var hjá fulltrúum félaga sem höfðu skráð sig á aðalfundinum í Kópavogi 2019. Fólk sem búið var að skrá sig á fundinn og í kvöldverð mætti unnvörpum ekki. Aga verður að bæta.

7. Stjórnarfundir og annað á dagskrá á starfsárinu.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn mánudaginn 9. sept.

Síðan verða stjórnarfundir haldnir:

14/10

11/11

9/12

27/12 (jólaboðsfundur)

13/1

10/2

9/3

25/4 (fulltrúaráðsfundur skógræktarfélaganna)

18.-19.3. (fagráðstefna skógræktar, að Hótel Geysi í Haukadal)

11/5

8/6

26/6 (sérstakur fundur á Þingvöllum eða ráðstefna)

27/6 (Líf í lundi)

10/8

Fleira var ekki gert.